

Ferill fundarbókana er varða erindið:

Málsnúmer: 1409495
Málsheiti: Grunnskóli, stofnun nýs skóla
Málsaðili: Kristján Ómar Björnsson
Skráð af: Elín S. Kristinsdóttir
Ábyrgðaraðili: Haraldur Líndal Haraldsson

Fundur: Fræðsluráð - 351 (8.6.2016) - Grunnskóli, stofnun nýs skóla

Dags: 08.06.2016

Inngangur: Þjónustusamningur lagður fram til afgreiðslu. Fulltrúar Framsýnar mæta til fundarins.

Niðurst.: Fulltrúar Framsýnar mættu á fundinn og veittu upplýsingar um stöðu innritunar, fyrirhugaða starfsemi og áherslur skólans.

Fræðsluráð samþykkir fyrirbyggjandi þjónustusamning og vísar honum til afgreiðslu í bæjarstjórn. Fram kom á fundinum að kostnaðarþætti tillögunnar verður mætt að fullu með breytingum sem verða á fjárhagsáætlun. Breytingarnar eru til komnar vegna minna fjárframlags til Barnaskóla Hjallastefnunnar á yfirstandandi fjárhagsári en áætlanir gerðu ráð fyrir, vegna færri nemenda og vegna þess að miðstig skólans hættir. Gerð verður nánari grein fyrir kostnaðarþætti tillögunnar í viðauka við fjárhagsáætlun 2016 sem lagður verður fram síðar í mánuðinum.

Samþykkt með 3 atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Bjartrar Framtíðar, en fulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar greiddu atkvæði á móti.

"Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna geta ekki samþykkt tillögu um nýjan einkarekinn grunnskóla í Hafnarfirði. Ljóst er að með þjónustusamningi við skólann aukast útgjöld bæjarins um tugi milljóna. Í gögnum er ekki gerð fullnægjandi grein fyrir húsnæðismálum skólans og óljóst hvort þau uppfylli kröfur grunnskólalaga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustað, ekki síst hvað varðar skólalóð. Þá teljum við rekstrarforsendur skólans hæpnar ef miða á við að Hafnarfjarðarbær greiði eingöngu með 45 nemendum þegar forsvarsmenn skólans hafa gert ráð fyrir 120 nemendum til þess að rekstur skólans gangi upp til lengri tíma. Þá má einnig benda á þversagnir í innsendum gögnum varðandi jafnt aðgengi nemenda að skólanum. Eins er augljóst að fyrirhuguð innheimta skólagjalda mun leiða til þess að ekki eigi allir kost á að sækja skólann.

Að ofansögðu teljum við engar forsendur til að samþykkja þjónustusamning um nýjan grunnskóla við Framsýn-Skólafélag.

Við ítrekum fyrri bókanir okkar og gerum alvarlegar athugasemdir við þá forgangsröðun sem birtist í þessum gjörningi að kosta tugum milljóna til þess að fjármagna einkaskóla í stað þess að láta umframfjármuni renna til leik- og grunnskóla sem bæjarfélagið rekur sjálft.

Adda María Jóhannsdóttir

Sverrir Garðarsson"

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar bóka:

"Það er ánægjulegt að afgreiða fyrirbyggjandi þjónustusamning fyrir hönd fræðsluráðs. Í fyrirbyggjandi þjónustusamningi er ýmislegt sem telst nýmæli í samningi sem þessum og má þar nefna þak á skólagjöld, aukið eftirlit með innritun barna, auknar kröfur um mat á þörfum vegna sérkennlu, að hagnaði verði varið í innra starfið en ekki í arðgreiðslur og öflugra ytra mat á skólastarfi. Þá er samningurinn gerður til 2ja ára með endurskoðun að ári liðnu. Skólinn fengið viðurkenningu Menntamálastofnunar og uppfyllir því öll skilyrði hvað varðar skólastarf og húsnæði. Ekki verður nauðsynlegt að auka fjárheimildir á þessu ári vegna skólans, þar sem rými skapast við að miðdeild Barnaskóla Hjallastefnunnar hættir og dekkar allan kostnað bæjarins á árinu. Þess ber að geta að síðastliðin tvö ár hefur inngjöf í hafnfirskt skólastarf verið töluverð, ekki síst vegna þess að kennurum hefur fjölgað um 50 á tímabilinu á meðan nemendum hefur fjölgað um rúmlega 100."

Fundur: Bæjarstjórn - 1767 (8.6.2016) - Grunnskóli, stofnun nýs skóla

Dags: 08.06.2016

Inngangur:

Niðurst.: Til máls tekur bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir. Bæjarfulltrúi Rósa Guðbjarsdóttir kemur til andsvars. Bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir svarar andsvari. Til andsvars öðru sinni kemur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir. Bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir svarar andsvari öðru sinni.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson. Til andsvars kemur bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir. Bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson svarar andsvari. Rósa Guðbjartsdóttir bæjarfulltrúi kemur til andsvars öðru sinni.

Bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson tekur til máls undir fundarsköp og ber af sér ámæli.

Bæjarfulltrúi Rósa Guðbjartsdóttir tekur til máls undir fundarsköp og ber af sér ámæli.

Bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson svarar andsvari öðru sinni.

Við fundarstjórn tekur 1. varaforseti Adda María Jóhannsdóttir.

Til andsvars við ræðu bæjarfulltrúa Gunnar Axel Axelsson kemur forseti Guðlaug Kristjánsdóttir. Bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson svarar andsvari. Til andsvars öðru sinni kemur forseti Guðlaug Kristjánsdóttir. Bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson svarar andsvari öðru sinni.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Guðlaug Kristjánsdóttir. Til andsvars kemur bæjarfulltrúi Sverrir Garðarsson. Bæjarfulltrúi Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvari. Bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson

kemur til andsvars. Bæjarfulltrúi Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvari. Til andsvars öðru sinni kemur Gunnar Axel Axelsson. Bæjarfulltrúi Guðlaug Kristjánsdóttir svarar andsvari öðru sinni. Bæjarfulltrúi Gunnar Axel Axelsson gerir stutta athugasemd. Bæjarfulltrúi Guðlaug Kristjánsdóttir gerir stutta athugasemd.

Við fundarstjórn tekur forseti Guðlaug Kristjánsdóttir.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Sverrir Garðarsson. Við fundarstjórn tekur Rósa Guðbjarsdóttir. Bæjarfulltrúi Guðlaug Kristjánsdóttir kemur til andsvars. Bæjarfulltrúi Sverrir Garðarsson svarar andsvari. Til andsvars öðru sinni kemur bæjarfulltrúi Guðlaug Kristjánsdóttir. Bæjarfulltrúi Sverrir Garðarsson svarar andsvari öðru sinni. Við fundarstjórn tekur forseti Guðlaug Kristjánsdóttir.

Til máls tekur bæjarfulltrúi Einar Birkir Einarsson.

Til máls tekur öðru sinni bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir.

Bæjarfulltrúi Adda María Jóhannsdóttir tekur til máls í þriðja sinn og leggur fram eftirfarandi bókun Samfylkingar og Vinstri Grænna: "Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna gera athugasemd við samþykkt þjónustusamnings um einkarekinn grunnskóla í Hafnarfirði. Ljóst er að með þjónustusamningi við skólann aukast útgjöld bæjarins um tugi milljóna. Í gögnum er ekki gerð fullnægjandi grein fyrir húsnæðismálum skólans og óljóst hvort þau uppfylli kröfur grunnskólalaga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustað, ekki síst hvað varðar skólalóð. Þá teljum við rekstrarforsendur skólans hæpnar ef miða á við að Hafnarfjarðarbær greiði eingöngu með 45 nemendum þegar forsvarsmenn skólans hafa gert ráð fyrir 120 nemendum til þess að rekstur skólans gangi upp til lengri tíma. Þá má einnig benda á þversagnir í innsendum gögnum varðandi jafnt aðgengi nemenda að skólanum. Eins er augljóst að fyrirhuguð innheimta skólagjalda mun leiða til þess að ekki eigi allir kost á að sækja skólann.

Að ofansögðu teljum við engar forsendur til að samþykkja þjónustusamning um nýjan grunnskóla við Framsýn-Skólafélag.

Við ítrekum fyrri bókanir okkar og gerum alvarlegar athugasemdir við þá forgangs röðun sem birtist í þessum gjörningi að kosta tugum milljóna til þess að fjármagna einkaskóla í stað þess að láta umframfjármuni renna til leik- og grunnskóla sem bæjarfélagið rekur sjálfst.

Til máls öðru sinni kemur bæjarfulltrúi Einar Birkir Einarsson og leggur fram eftirfarandi bókun Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar: "Í fyrirbyggjandi þjónustusamningi er ýmislegt sem telst nýmæli í samningi sem þessum og má þar nefna þak á skólagjöld, aukið eftirlit með innritun barna, auknar kröfur um mat á þörfum vegna sérkennslu, að hagnaði verði varið í innra starfið en ekki í arðgreiðslur og öflugra ytra mat á skólastarfi. Þá er samningurinn gerður til 2ja ára með endurskoðun að ári liðnu. Skólinn fengið viðurkenningu Menntamálastofnunar og uppfyllir því öll skilyrði hvað varðar skólastarf og húsnæði. Ekki verður nauðsynlegt að auka fjárheimildir á þessu ári vegna skólans, þar sem rými

skapast við að miðdeild Barnaskóla Hjallastefnunnar hættir og dekkar allan kostnað bæjarins á árinu. Þess ber að geta að síðastliðin tvö ár hefur inngjöf í hafnfirskt skólastarf verið töluverð, ekki síst vegna þess að kennurum hefur fjölgað um 50 á tímabilinu á meðan nemendum hefur fjölgað um rúmlega 100."

Fundur: Fræðsluráð - 351 (8.6.2016) - Grunnskóli, stofnun nýs skóla

Dags: 08.06.2016

Inngangur: Þjónustusamningur lagður fram til afgreiðslu. Fulltrúar Framsýnar mæta til fundarins.

Niðurst.: Fulltrúar Framsýnar mættu á fundinn og veittu upplýsingar um stöðu innritunar, fyrirhugaða starfsemi og áherslur skólans.

Fræðsluráð samþykkir fyrirbyggjandi þjónustusamning og vísar honum til afgreiðslu í bæjarstjórn. Fram kom á fundinum að kostnaðarþætti tillögunnar verður mætt að fullu með breytingum sem verða á fjárhagsáætlun. Breytingarnar eru til komnar vegna minna fjárframlags til Barnaskóla Hjallastefnunnar á yfirstandandi fjárhagsári en áætlanir gerðu ráð fyrir, vegna færri nemenda og vegna þess að miðstig skólans hættir. Gerð verður nánari grein fyrir kostnaðarþætti tillögunnar í viðauka við fjárhagsáætlun 2016 sem lagður verður fram síðar í mánuðinum.

Samþykkt með 3 atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Bjartrar Framtíðar, en fulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar greiddu atkvæði á móti.

"Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna geta ekki samþykkt tillögu um nýjan einkarekinn grunnskóla í Hafnarfirði. Ljóst er að með þjónustusamningi við skólann aukast útgjöld bæjarins um tugi milljóna. Í gögnum er ekki gerð fullnægjandi grein fyrir húsnæðismálum skólans og óljóst hvort þau uppfylli kröfur grunnskólalaga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustað, ekki síst hvað varðar skólalóð. Þá teljum við rekstrarforsendur skólans hæpnar ef miða á við að Hafnarfjarðarbær greiði eingöngu með 45 nemendum þegar forsvarsmenn skólans hafa gert ráð fyrir 120 nemendum til þess að rekstur skólans gangi upp til lengri tíma. Þá má einnig benda á þversagnir í innsendum gögnum varðandi jafnt aðgengi nemenda að skólanum. Eins er augljóst að fyrirhuguð innheimta skólagjalda mun leiða til þess að ekki eigi allir kost á að sækja skólann.

Að ofansögðu teljum við engar forsendur til að samþykkja þjónustusamning um nýjan grunnskóla við Framsýn-Skólafélag.

Við ítrekum fyrri bókanir okkar og gerum alvarlegar athugasemdir við þá forgangsröðun sem birtist í þessum gjörningi að kosta tugum milljóna til þess að fjármagna einkaskóla í stað þess að láta umframfjármuni renna til leik- og grunnskóla sem bæjarfélagið rekur sjálft.

Adda María Jóhannsdóttir

Sverrir Garðarsson"

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar bóka:

"Það er ánægjulegt að afgreiða fyrirbyggjandi þjónustusamning fyrir hönd fræðsluráðs. Í fyrirbyggjandi þjónustusamningi er ýmislegt sem telst nýmæli í samningi sem þessum og má þar nefna þak á skólagjöld, aukið eftirlit með innritun barna, auknar kröfur um mat á þörfum vegna sérkennlu, að hagnaði verði varið í innra starfið en ekki í arðgreiðslur og öflugra ytra mat á skólastarfi. Þá er samningurinn gerður til 2ja ára með endurskoðun að ári liðnu. Skólinn fengið viðurkenningu Menntamálastofnunar og uppfyllir því öll skilyrði hvað varðar skólastarf og húsnæði. Ekki verður nauðsynlegt að auka fjárheimildir á þessu ári vegna skólans, þar sem rými skapast við að miðdeild Barnaskóla Hjallastefnunnar hættir og dekkar allan kostnað bæjarins á árinu. Þess ber að geta að síðastliðin tvö ár hefur inngjöf í hafnfirskt skólastarf verið töluverð, ekki síst vegna þess að kennurum hefur fjölgað um 50 á tímabilinu á meðan nemendum hefur fjölgað um rúmlega 100."

Fundur: Fræðsluráð - 350 (1.6.2016) - Grunnskóli, stofnun nýs skóla

Dags: 01.06.2016

Inngangur: Framhald máls frá síðasta fundi.

Niðurst.: Sviðsstjóra falið að vinna áfram að málinu í samræmi við umræðu á fundinum.

Bókun frá fulltrúum minnihlutans:

"Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna ítreka athugasemdir sínar við þá forgangsröðun fjármuna sem birtist í áherslum meirihluta Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar. Á meðan unnið er að gerð þjónustusamnings um einkarekinn grunnskóla sem mun auka útgjöld bæjarins um tugir milljóna er verið að loka einum elsta starfandi leikskóla bæjarins í hagræðingarskyni. Forgangsröðun í þágu einkaframtaks á kostnað grunnþjónustu sem rekinn er af sveitarfélaginu hugnast okkur ekki.

Adda María Jóhannsdóttir

Sverrir Garðarsson"

Fundur: Fræðsluráð - 349 (18.5.2016) - Grunnskóli, stofnun nýs skóla

Dags: 18.05.2016

Inngangur: Sviðsstjóri skýrði frá gangi mála frá síðasta fundi.

Niðurst.:

Fundur: Bæjarráð - 3433 (6.5.2016) - Grunnskóli, stofnun nýs skóla.

Fyrirspurn.

Dags: 06.05.2016

Inngangur:

Niðurst.: Fulltrúar Samfylkingar og VG lögðu fram svohljóðandi fyrirspurn:

Þar sem enginn fulltrúa meirihlutans hefur enn viljað gangast við því opinberlega að hafa samþykkt rekstur nýs einkarekins grunnskóla í Hafnarfirði óskum við eftir því að bæjarlögmaður skili bæjarráði greinargerð þar sem farið er yfir ferlið frá upphafi og gerð grein fyrir því hvernig staðið hefur verið að málinu með hliðsjón af grunnskólalögum og reglugerð nr.699 frá 25. júlí 2012.

Greinargerð:

Þann 18. Desember sl. samþykkti fræðsluráð með atkvæðum fulltrúa Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks eftirfarandi:

Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leyti umsókn frá Framsýn skólafélagi ehf. dagsettri 16. september 2014 um stofnun grunnskóla í Hafnarfirði. Samþykktin er bundin því að rekstraraðilar uppfylli öll skilyrði reglugerður nr. 699 frá 25. júlí 2012 um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahlald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan og hljóti viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra skv. henni. Samþykktin tekur til greiðslu skv. 7. gr. reglugerðarinnar fyrir allt að 45 nemendur í 8.-10. bekk skólaárið 2016-2017, en nemendum fjölgi síðan ár frá ári þar til hámarki verður náð. Fjöldi nemenda og greiðslur sveitarfélagsins verða bundin í þjónustusamningi milli Framsýnar skólafélags ehf. og Hafnarfjarðarbæjar, fáist rekstrarleyfi hjá mennta- og menningarmálaráðherra.

Þrátt fyrir að einn þriggja fulltrúa meirihlutans hafi í framhaldi af fyrrgreindri samþykkt lýst opinberlega yfir andstöðu sinni við verkefnið á þeim forsendum sem þó virðast hafa legið skýrar fyrir við samþykktina, virðist sem væntanlegir rekstraraðilar hins nýja einkarekna skóla líti svo á að hún sé skuldbindandi og feli í sér rétt viðkomandi til fjárframlaga úr bæjarsjóði, m.v. 45 nemendur á haustaönn 2016 og framvegis m.v. 120 nemendur á ári til framtíðar ótímabundið. Miðað við gildandi reglur þar um myndi viðkomandi skóli hafa kröfu um ríflega 150 milljóna króna árlegt framlag úr bæjarsjóði um ótilgreinda framtíð.

Í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem eru til umfjöllunar teljum við mikilvægt að farið sé fyrir ferlið og úr því skorið hvaða þýðingu samþykkt fræðsluráðs frá 18. desember sl. hefur fyrir sveitarfélagið Hafnarfjörð og til hvaða fjárhagslegu skuldbindinga, ef einhverra, fræðsluráð efndi með henni gagnvart þriðja aðila. Í því sambandi er vert að benda á að engin formleg umfjöllun hefur enn farið fram í bæjarstjórn Hafnarfjarðar um málið, né hefur bæjarstjórn gert um það sérstaka samþykkt.

Fundur: Fræðsluráð - 348 (4.5.2016) - Grunnskóli, stofnun nýs skóla

Dags: 04.05.2016

Inngangur: Framhald frá síðasta fundi.

Niðurst.: Fræðsluráð felur sviðsstjóra fræðslu- og frístundþjónustu að hefja gagnaöflun og undirbúning vegna væntanlegra viðræðna við fulltrúa Framsýnar um þjónustusamning. Horft skal til hvernig standa skuli að innritun barna og kostnaðarforsendna af hálfu bæjarins. Sviðsstjóra fræðslu-

og frístundaþjónustu er jafnframt falið að meta kostnaðaráhrif á fjárhagsáætlun og koma með tillögur að breytingum á henni sem rúmist innan fjárheimilda fræðsluviðs.

"Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna leggjast alfarið gegn hugmyndum um stofnun einkaskóla eins og hér er til umræðu og vísa í fyrri bókanir um málið. Á meðan skorið er niður í grunnþjónustu m.a. með lokun leikskólaúrræða er ekki forsvaranlegt að auka á útgjöld bæjarins með fjárframlögum til nýs einkaskóla. Ef í ljós kemur að svigrúm sé innan fjárheimilda sviðsins til þess að auka framlög til skólamála teljum við brýnt að forgangsraðað sé í þágu þeirra grunnskóla sem sveitarfélagið rekur sjálft áður en ráðist er í slíkt verkefni.

Adda María Jóhannsdóttir

Sverrir Garðarsson"

Fundur: Fræðsluráð - 347 (20.4.2016) - Grunnskóli, stofnun nýs skóla

Dags: 20.04.2016

Inngangur: Forsvarsmenn Framsýnar mættu til fundar og kynntu stöðu málsins.

Niðurst.: Fulltrúum Framsýnar þökkuð kynningin. Lögð var fram viðurkenning menntamálaráðuneytisins á rekstrarleyfi til skólans.

Fundur: Fræðsluráð - 339 (18.12.2015) - Grunnskóli, stofnun nýs skóla

Dags: 18.12.2015

Inngangur: Tekin til afgreiðslu eftirfarandi tillaga frá síðasta fundi fræðsluráðs:

"Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leyti umsókn frá Framsýn skólafélags ehf. dagsettri 16. september 2014 um stofnun grunnskóla í Hafnarfirði.

Samþykktin er bundin því að rekstraraðilar uppfylli öll skilyrði reglugerður nr. 699 frá 25. júlí 2012 um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan og hljóti viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra skv. henni.

Samþykktin tekur til greiðslu skv. 7. gr. reglugerðarinnar fyrir allt að 45 nemendur í 8.-10. bekk skólaárið 2016-2017, en nemendum fjölgi síðan ár frá ári þar til hámarki verður náð. Fjöldi nemenda og greiðslur sveitarfélagsins verða bundin í þjónustusamningi milli Framsýnar skólafélags ehf. og Hafnarfjarðarbæjar, fáist rekstrarleyfi hjá mennta- og menningarmálaráðherra."

Niðurst.: Hörður Svavarsson leggur fram eftirfarandi tillögu:

"Undirritaður fulltrúi Bjartar framtíðar leggur til að afgreiðslu málsins verði frestað til næstu viku svo minnihlutnum gefist kostur á koma fram með málamiðlun í þessu máli niðurstöðu sem fræðsluráð getur verið sammála um."

Hörður Svavarsson.

Frestunartillagan tekin til atkvæðagreiðslu. Fulltrúar Bjartrar framtíðar samþykkja tillöguna, fulltrúi Sjálfstæðisflokks situr hjá og fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna greiða atkvæði gegn tillögunni. Tillagan er felld á jöfnum atkvæðum.

Fyrirliggjandi tillaga er samþykkt með þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Samfylkingar og Vinstri grænna sem greiddu atkvæði á móti henni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar leggja fram eftirfarandi bókun:

"Tekið skal fram að áður en til viðræðna getur komið af hálfu Hafnarfjarðarbæjar og Framsýnar skólafélags ehf. um hugsanlegan þjónustusamning, þarf mennta- og menningarmálaráðherra fyrst að veita félaginu rekstrarleyfi. Komi til þess verða sett skilyrði um fjölda nemenda, að innritunarreglur verði skýrar og gagnsæjar og að jafnræðis verði gætt við aðgengi í skólann. Upphæð greiðslna með nemendum skólans ræðst af því hvort bekkjardeildum fækki í öðrum skólum á móti, en á næsta ári gæti kostnaðurinn þá numið um 25-33 milljónum króna í mesta lagi, eftir því hvort til innheimtu skólagjalda komi eða ekki. Áður en til samninga kæmi yrði að vera búið að tryggja fjármagn sem hefði ekki íþyngjandi áhrif á rekstrarafkomu sveitarfélagsins. Stofnun skóla fyrir nemendur í 8.- 10. bekk myndi falla vel við áherslur meirihluta Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar sem leggja áherslu á aukið val, meiri fjölbreytni í skólastarfi og betri þjónustu í bæjarfélaginu."

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna bóka:

"Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna vísa í fyrri bókanir um málið, m.a. frá 16. des. sl. Við ítrekum athugasemdir okkar varðandi það að á sama tíma og verið er að skera niður í rekstri grunnskóla bæjarins og dregið úr kennsluúthlutun eru framlög til einkarekinna skóla hækkuð um tugi milljóna. Það er því orðið ljóst að ráðist hefur verið í niðurskurð í leik- og grunnskólum bæjarins til að standa straum af kostnaði við aukna einkavæðingu í rekstri grunnskóla.

Sú tillaga sem hér er lögð fram er að okkar mati samþykki sveitarfélagsins fyrir rekstri nýs grunnskóla. Í tillögu meirihlutans er vísað í áætlanir tilvonandi rekstraraðila um nemendafjölda og rekstrarforsendur. Í samþykktinni, ef af verður, felst því augljóslega fjárhagsleg skuldbinding fyrir sveitarfélagið upp á tugi milljóna króna eins og fram kemur í bókun meirihlutans. Kostnaður vegna 45 nemenda er áætlaður 50-60 milljónir króna á ársgrundvelli og sú tala mun hækka enn frekar við aukinn nemendafjölda eins og tillaga meirihlutans gerir ráð fyrir. Það er mat okkar að ekki sé forsvaranlegt að leggja til frekari útgjaldaaukningu í einkareknum skólum á meðan skorið er niður í almennum grunnskólum sem reknir eru af Hafnarfjarðarbæ."

Adda María Jóhannsdóttir

Sverrir Garðarsson

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar bóka:

"Meðan ákvörðun ráðuneytisins liggur ekki fyrir er of snemmt að gera ráð fyrir endanlegu fjármagni til verkefnisins. En sökum batnandi horfa í fjárhag sveitarfélagsins, standist fjárhagsáætlanir, eru

fulltrúar meirihlutans bjartsýnir á að til framtíðar og vonandi fyrir en síðar, verði hægt að styrkja enn frekar allt skólastarf í bænum nemendum til heilla. Og þess ber að geta að á milli árunna 2015 og 2016 hækkar framlag til málaflokksins um 650 milljónir króna."

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna bóka:

"Fjármagnið sem nefnt er í fyrri bókun fulltrúa Samfylkingar og Vinstri grænna er það sem fulltrúar meirihlutans tilgreina sjálfir í sinni bókun. Aukin framlög til fræðslumála eru að mestu komin til vegna hækkana á kjarasamningum leik- og grunnskólakennara og starfsmats starfsfólks innan STH eins og glögggt má sjá í greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2016."

Adda María Jóhannsdóttir

Sverrir Garðarsson

Fundur: Fræðsluráð - 338 (16.12.2015) - Grunnskóli, stofnun nýs skóla

Dags: 16.12.2015

Inngangur: Lagt fram minnisblað þróunarfulltrúa grunnskóla vegna starfsáætlunar, skólanámskrár og viðmiðunarstundaskrár Framsýnar.

Niðurst.: Lögð fram eftirfarandi tillaga frá formanni:

"Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leyti umsókn frá Framsýn skólafélagi ehf. dagsettri 16. september 2014 um stofnun grunnskóla í Hafnarfirði.

Samþykktin er bundin því að rekstraraðilar uppfylli öll skilyrði reglugerður nr. 699 frá 25. júlí 2012 um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námsskrá og námsskipan og hljóti viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðherra skv. henni.

Samþykktin tekur til greiðslu skv. 7. gr. reglugerðarinnar fyrir allt að 45 nemendum í 8. ? 10. bekk skólaárið 2016-2017, en nemendum fjölgi síðan ár frá ári þar til hámarki verður náð. Fjöldi fjöldi nemenda og greiðslur sveitarfélagsins verða bundin í þjónustusamningi milli Framsýnar skólafélags ehf og Hafnarfjarðarbæjar, fáist rekstrarleyfi hjá mennta- og menningarmálaráðherra."

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna leggja fram eftirfarandi bókun og tillögu að frestun afgangi:

"Fulltrúar Samfylkingar og VG gera alvarlegar athugasemdir við það að taka eigi ákvörðun í þessu máli hér án þess að nokkur tillaga hafi legið fyrir fundinum. Hér er að koma í ljós að fulltrúar meirihlutans ætla sér að keyra í gegn ákvörðun um einkarekinn grunnskóla án þess að treysta sér til þess standa að bakinu málinu sjálfir og án þess að um það fari fram eðlileg umræða. Í stað þess að bæjarstjórn marki stefnu og taki ákvörðun um hvort hefja eigi rekstur fleiri einkaskóla á grunnskólastigi er nú lagt til af hálfu fulltrúa Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks að þeirri ákvörðun verði útvistað til menntamálaráðuneytisins.

Er þetta því miður í samræmi við þær aðferðir sem einkennt hafa einkavæðingu opinberrar þjónustu á Íslandi og vinnubrögð Sjálfstæðisflokksins, þar sem vegið er að rekstri skóla sem

bæjarfélagið rekur sjálft og allri umræðu um grundvallaratriði er vikið til hliðar. Sú breyting er hér að verða á að nú er sú stefna og þau vinnubrögð bökkuð upp af fulltrúum Bjartrar framtíðar. Engin umræða hefur til dæmis átt sér stað varðandi það hvort bæjarbúar séu almennt hlynntir því að grunnskólar fái að velja sér nemendur og innheimta skólagjöld. Hvort tveggja er mikil breyting frá því sem verið hefur og eðlilegt er að ræða hvaða afleiðingar sú stefna hefur í för með sér, m.a. fyrir rekstrargrundvöll bæjarrekinnna hverfis-skóla.

Við bendum á að samhliða þessu er verið að skera niður í rekstri annarra grunnskóla og fækka kennurum sem nemur a.m.k. 13 heilum stöðugildum í kennslu miðað við óbreyttan nemendafjölda. Á sama tíma og framlög til einkarekinnna skóla eru hækkuð ár frá ári án þess að nokkur krafa sé gerð um sambærilega hagræðingu í þeim rekstri.

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna leggja til að afgreiðslunni verði frestað og meirihlutinn leggi fram raunverulega tillögu um afgreiðslu sem þeir sjálfir eru reiðubúnir að standa að baki og greinargerð sviðsins með greiningu á áætluðum kostnaði og ábata af verkefninu og áhrifum þess almennt. Í framhaldinu getur þá átt sér stað lýðræðisleg umræða í samfélaginu áður en bæjarstjórn tekur fullnaðarákvörðun."

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar bóka:

"Umsókn Framsýnar hefur verið til umfjöllunar á tíu fundum fræðsluráðs undanfarna 15 mánuði og ljóst að til afgreiðslu færi að koma. Engu að síður vilja fulltrúar Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks verða við ósk minnihlutans um að fresta afgreiðslu, þar sem fullmótuð tillaga lá ekki fyrir fundinum. Boðað er til aukafundar fræðsluráðs föstudaginn 18. des kl 8:15."

Fundur: Fræðsluráð - 337 (2.12.2015) - Grunnskóli, stofnun nýs skóla

Dags: 02.12.2015

Inngangur: Lögð fram eftirfarandi gögn frá Framsýn, en skilafrestur var 1. desember 2015.

- Starfsáætlun

- Skólanámsskrá 9. bekkjar

- Stofnskrá

- Viðmiðunarstundaskrá

með eftirfarandi orðum: "Með bréfi þessu hefur Framsýn skólafélag ehf skilað Starfsáætlun og Skólanámsskrá þar sem stefna, markmið og gildi Framsýnar eru ítarlega útskýrð. Sá hluti Skólanámsskrárinnar sem ekki hefur verið unninn að okkar hálfu snýr að mestu að kennsluáætlunum og námsmati. Að okkar mati er það ekki rökrétt verklag að þessi vinna sé unnin nema í samráði við tilvonandi kennara skólans, þar sem að hugmyndafræðin á sér ekki skýra fyrirmynd.

Framsýn stefnir enn á að hefja starfsemi haustið 2016. Fyrir liggur að umsókn til menntamálaráðuneytis þarf að berast í síðasta lagi 1. febrúar 2016. Svo að það geti orðið að veruleika þarf að hafa hraðar hendur."

Niðurst.: Lagt fram til kynningar. Fræðslu- og frístundapjónustu falið að leggja mat á gögnin og kynna á næsta fræðsluráðsfundi.

Fundur: Fræðsluráð - 329 (26.8.2015) - Grunnskóli, stofnun nýs skóla

Dags: 26.08.2015

Inngangur: Kynnt stofnskrá Framsýnar skólafélags ehf vegna umsóknar um stofnun grunnskóla í Hafnarfirði.

Niðurst.:

Fundur: Fræðsluráð - 322 (23.3.2015)

Dags: 23.03.2015

Inngangur: Kynnt drög að formi fyrir "stofnskrá" vegna umsóknar um stofnun grunnskóla í Hafnarfirði.

Niðurst.: Óskað er eftir álitum bæjarlögmanns á samningsstöðu bæjarfélagsins þegar rekstrarleyfi grunnskóla hefur verið gefið. Einnig er óskað eftir upplýsingum um kostnað pr. barn í grunnskólum Hafnarfjarðar og meðaltalskostnað pr. barn á landsvísu.

Fundur: Fræðsluráð - 321 (9.3.2015)

Dags: 09.03.2015

Inngangur: Lagt fram minnisblað þróunarfulltrúa grunnskóla eftir fund með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um "rekstrarleyfiferli til samþykkis nýs grunnskóla í sveitarfélagi."

Niðurst.: Óskað er eftir því að fulltrúar Framsýnar leggi fram þau gögn sem tiltekin eru í meðfylgjandi minnisblaði, stofnskrárplagg, skólanámskrá og starfsáætlun. Fræðslusviði falið að útfæra verklagsreglur um það sem hér um ræðir.

Fundur: Fræðsluráð - 319 (9.2.2015)

Dags: 09.02.2015

Inngangur: Tekið til umræðu og óskað eftir frekari gögnum og upplýsingum.

Niðurst.: Fræðsluráð óskar eftir upplýsingafundi með fulltrúa menntamálaráðuneytisins vegna málsins.

Fundur: Fræðsluráð - 318 (26.1.2015)

Dags: 26.01.2015

Inngangur: Tekið fyrir að nýju. Sviðsjóri greinir frá fundi með fulltrúum Framsýnar.

Niðurst.: Fræðslustjóra og formanni fræðsluráðs falið að undirbúa vinnufundi ráðsins til að vinna áfram að málinu. Einnig er óskað eftir því að forsvarsmenn skólans kynni áform sín fyrir allri bæjarstjórn.

Fundur: Fræðsluráð - 317 (12.1.2015)

Dags: 12.01.2015

Inngangur: Frá síðasta fundi. Lögð fram umbeðin samantekt.

Niðurst.: Ingibjörg Einarsdóttir skrifstofustjóri var á fundinum undir þessum lið. Fræðsluráð óskar eftir að sviðsstjóri afli frekari gagna í samræmi við umræður á fundinum.

Fundur: Fræðsluráð - 316 (15.12.2014)

Dags: 15.12.2014

Inngangur: Tekið fyrir að nýju.

Niðurst.: Fræðsluráð tekur jákvætt í erindið en óskar eftir samantekt yfir öll lagaleg atriði málsins sem lúta að sveitarfélaginu ef til rekstrarleyfis kemur, sem og kostnaðarútreikninga, m.a. varðandi áhrif á rekstur annarra skóla og framlag bæjarins. Fræðslustjóra og bæjarstjóra falið að skila þeim gögnum eigi síðar en 9. janúar 2015. Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna bóka: Teljum við rétt að mörkuð verði skýr framtíðarsýn í skólamálum Hafnarfjarðar og í kjölfarið teknar ákvarðanir um hvort og hvernig eigi að standa að framkvæmd skólarekstrar í einstökum skólahverfum. Verði það niðurstaða meirihluta bæjarstjórnar að fela þriðja aðila rekstur grunnskóla á tilteknu skólasvæði þá förum við fram á að það sé gert í samræmi við meginreglur laga um oinber innkaup og gildandi innkaupastefnu Hafnarfjarðarbæjar, þannig að m.a. jafnræði aðila og gagnsæi við ákvarðanatöku sé tryggt. Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna benda enn fremur á að ekki hafi fengist svör við fjölmörgum mikilvægum spurningum fræðsluráðs m.a. varðandi sérgreinakennslu, námsráðgjöf, stoðþjónustu og stuðning við fatlaða nemendur. Þá er einnig rétt að benda á að ekki er gert ráð fyrir viðbótarútgjöldum vegna reksturs nýs skóla í nýsamþykkttri fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir næsta ár. Ekki hefur heldur verið gerð grein fyrir áhrifum nýs skóla á rekstrarforsendur annarra skóla á svæðinu, m.a. áætlaðar fjárveitingar til þeirra. Adda María Jóhannsdóttir Elva Dögg ÁsuogKristinsdóttir

Fundur: Fræðsluráð - 314 (1.12.2014)

Dags: 01.12.2014

Inngangur: Frestað á síðasta fundi. Tekið fyrir að nýju.

Niðurst.:

Fundur: Fræðsluráð - 312 (17.11.2014)

Dags: 17.11.2014

Inngangur: Tekið fyrir að nýju. Lögð fram tillaga til umræðu að spurningakönnun.

Niðurst.: Frestað.

Fundur: Fræðsluráð - 310 (20.10.2014)

Dags: 20.10.2014

Inngangur: Fulltrúar Framsýnar mættu á fundinn.

Niðurst.: Fræðsluráð þakkar kynninguna og telur erindið áhugavert. Óskað er eftir frekari útfærslu á faglegum og rekstrarlegum grundvelli.

Fundur: Fræðsluráð - 309 (6.10.2014)

Dags: 06.10.2014

Inngangur: Lagt fram bréf frá Framsýn skólafélagi (ehf) dags. 16. september 2014 um stofnun grunnskóla í Hafnarfirði.

Niðurst.: Lagt fram.

